

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar
Þverholti 2
Mosfellsbæ

Mosfellsbær, 11. mars 2015.

Efni: Beiðni um fjölgun íbúða á parhúsalóðinni Litlakrika 3-5, Mosfellsbæ.

Ég undirritaður, Jónas Bjarni Árnason, kt. 050774-5389, Spóahöfða 17, Mosfellsbæ er lóðarhafi að lóðinni Litlakrika 3-5, Mosfellsbæ skv. úthlutun er fram fór í lok árs 2006. Samkvæmt skilmálum var gert ráð fyrir að byggð yrðu tveggja hæða parhús á lóðinni og voru framkvæmdir rétt hafnar á árinu 2008 er efnahagur landsins hrundi. Í desember síðastliðnum gerði ég tillögu um að fjölga íbúðum úr tveimur í fjórar og var það tekið fyrir á fundi hjá nefndinni þann 16. desember síðastliðinn. Þar sem tillagan fékk ekki nógu góðar undirtektir hjá nefndinni þá hef ég fengið Teiknistofuna Kvarða til að gera tillögu að einni aukaíbúð, þ.e að í heildina verði þrjár íbúðir í húsinu skv. meðfylgjandi teikningu er fylgir beiðni þessari. Það skal tekið fram að eftir er að fullvinna teikninguna en þó koma helstu atriði fram á henni. Samkvæmt teikningunni er gert ráð fyrir 6 bílastæðum, þannig að hverri íbúð tilheyra 2 bílastæði. Öll bílastæðin við götuna halda sér óbreytt miðað við skipulag. Engin fækkun verður því á sameiginlegum bílastæðum við götuna.

Í ljósi þessarar nýju tillögu er farið fram á að heimilt verði að hafa 3 íbúðir í húsinu. Það skal tekið fram að eins og í fyrri tillögum er um að ræða óverulegar breytingar á skipulagi, húsið er jafnhátt og áður og stækkun er óveruleg enda voru ekki gerðar athugasemdir við það á sínum tíma þegar málið fór í grenndarkynningu árið 2012.

Með bréfi þessu fylgir teikning frá Teiknistofunni Kvarða.

Virðingarfyllst,



Jónas Bjarni Árnason